

Fundur haldinn í stjórn foreldrafélags Álfasteins þann 18. september 2012.

Mætt: Andrea, Ásdís, Jón Þór, Rachel, Halla og Hugrún fyrir hönd Álfasteins.

1. Andrea lagði fram rekstrarreikning frá 1. október 2011 til 30. sept. 2012. Staðan er neikvæð um 5306 kr en Hörgársveit á eftir að leggja inn foreldrafélagsgjöld fyrir um 50 þúsund kr. Félagið á síðan eftir að borga 30 þúsund kr vegna buffanna. Þegar frá þessu hefur verið gengið mun staðan verða 14.694 kr í hagnað.
2. Hugrún greindi frá því að kynningarkvöld á starfi vetrarins verður 26. september nk. Auglýsa þarf aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn verður sama kvöld. Halla tekur að sér að búa til auglýsingu.
3. Umræður um leikrit. Mörg tilboð berast leikskólanum og foreldrafélaginu um sýningar sem eru á ferð um landið og koma inn í skólana. Kostnaður er yfirleitt í kringum 70 þúsund kr. Skilaboðaskjóðan verður frumsýnd í Freyvangsleikhúsinu 6. október nk. Sú hugmynd kom upp að fara á þá sýningu og vera jafnvel í samstarfi við Þelamerkurskóla. Jón Þór tekur að sér að kanna málið betur.
4. Umræður um kirkjuheimsókn fyrir jólin. Athuga möguleikann á því að fá prest í heimsókn á Álfastein til að spara kostnað við rútu.
5. Hugrún sagði frá nokkrum viðburðum sem eru á döfinni í skólastarfinu á næstunni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla Björk ritaði fundargerð.